

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04)

Námsáætlun (Haust, 2021)



Kennari	Elías Þorsteinsson, Ingimar Árnason Sævar Páll Stefánsson	Sk.st.	ELÍ, ING, SPS
----------------	--------------------------------------------------------------	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo meginefnisþætti. Í fyrri efnisþætti er fjallað um fallmyndun en í þeim seinni um ásmýndun og fríhendi-teikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestri teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi teikniáferðum, s.s. fríhendi-teikningu og fallmyndun
- upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum
- meðferð og notkun teikni- og mæliáhalda
- tvívíðum og þrívíðum vinnuteikningum
- lestri teikninga
- uppsetningu teikninga á vinnublað, áritun og frágangi þeirra

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa hornréttar fallmyndir
- lesa sneiðmyndir af einföldum hlutum
- teikna einfaldar vinnuteikningar með fallmyndun og nota við það viðeigandi teikniáhöld
- lesa og skilja einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og einfaldar þrívíðar teikningar
- teikna ásmýndir af einföldum hlutum
- teikna fríhendis

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja vinnublað, árita og ganga frá einföldum teikningu
- miðla upplýsingum á skilvirkan hátt
- málsetja einfaldar vinnuteikningar eftir viðeigandi reglum, venjum og stöðlum í mismunandi mælikvörðum
- nýta sér teiknikunnáttu í starfi

Námsgögn:

Bækur: **GRUNNTEIKNING I** – Útgefandi: 2008 eða nýrri. IÐNÚ

Annað (t.d. ítarefni) **Töflubókin**. Skrift, línur bls. 67-70. Fallmyndir bls. 70 – 75.

Málsetning, teikningagerðir bls. 77 -88. Glærur: uppsetning mynda, teiknireglur, útlit gerð og notkun lína.

Töflubókina er ekki nauðsynlegt að kaupa. Hægt að skoða töflubókina á bókasafni VMA.

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04)

Námsáætlun (Haust, 2021)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (víkunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 33 / Lota 1	Teikniskrift og fallmyndun	teikniskrift: 1-2-3-4-5	1.25% hver teikning
Vika 34	Teikniskrift og fallmyndun	Fallm. : 1-2-3-5-6-7-10-11	1.25% hver teikning
Vika 35	Teikniskrift og fallmyndun	Fallm. : 12-14-15-16-17	1.25% hver teikning – ST -
Vika 36 / Lota 2	Fallmyndun	Fallm. : 18-20-21-22-23-24-25	1.25% hver teikning
Vika 37	Fallmyndun	Fallm. : 26-27-30-31-33-38	1.25% hver teikning
Vika 48	Fallmyndun	Fallm. : 41-42-44-46-47	1.25% hver teikning – ST -
Vika 39 / Lota 3	Fallmyndun	Fallm: 48-49-50-51-52-53-54-56	1.25% hver teikning
Vika 40	Fallmyndun	Fallm. : 58-59-60-61-63-64-66	1.25% hver teikning – ST -
Vika 41 / Lota 4	Fallmyndun	Fallm. : 67-68-69-70	1.25% hver teikning
Vika 42	Fallmyndun	Fallm. : 71-73-74-76	1.25% hver teikning
Vika 43	Fallmyndun	Fallm. : 80-81-verkefni frá kennara	1.25% hver teikning – ST -
Vika 44 / Lota 5	Ásmyndun og fríhendis	Ás og fríh. : 1-2-3-4-5-6	1.25% hver teikning
Vika 45	Ásmyndun og fríhendis	Ás og fríh. : 8-9-10-12	1.25% hver teikning
Vika 46	Ásmyndun og fríhendis	Ás og fríh. : 13-14-15-16-17	1.25% hver teikning
Vika 47	Ásmyndun og fríhendis	Ás og fríh. : 19-20-22	1.25% hver teikning – ST -
Vika 48	Uppsóp og frágangur		

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lota 1 Teikniskrift og fallmyndun	5 teikniskriftarblöð og 13 teikningar. Hver teikning gildir 1.25% af lokaeinkun.		22,5%
Lota 2 Fallmyndun	18 teikningar úr Fallmyndun 1.		22,5%
Lota 3 Fallmyndun	15 teikningar úr Fallmyndun 1.		19,0%
Lota 4 Fallmyndun	11 teikningar úr Fallmyndun 1.		13,5%
Lota 5 Ásmyndun og fríhendisteikning	18 teikningar úr Ásmyndun og fríhendisteikningu.		22,5%
	Samtals:		100%

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04) Námsáætlun (Haust, 2021)



Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað:

Allar teikningar skulu unnar í tímum. Ekki er leyft að vinna teikningar heima nema með gefnu leyfi kennara. Í lok hverrar lotu skal nemandi skila öllum þeim teikningum sem vinna átti í viðkomandi lotu inn til stöðumats. Ekki er leyfilegt að flytja skil á teikningum milli lota.

Ætlast er til að nemendur skili teikningum jafnóðum og þær eru kláraðar. Nemandi má ekki safna upp teikningum til að skila til kennara til undirskriftar.

Lámarksskil teikninga á önn eru 80. Verði skilin minni en það, þýðir það hámark 4.0 í lokaeinkun sem er fall.

Kennaraleiðbeiningar:

Kennari fer yfir leiðbeiningablöð og leiðbeinir nemendum í tímum um uppsetningu og frágang teikninga.

Vinnuskilda í tímum:

Ætlast er til að nemendur vinni allar teikningar í tímum. Fyrir þá sem einhverra hluta vegna (t.d. vegna veikinda) geta ekki klárað allar teikningar í tímum getur kennari leyft viðkomandi að teikna heima. Í tímum þarf þó að teikna myndir 80-81, verkefni frá kennara og allar ásmyndunar og frihendisteikningar. Nemandi er skylt að mæta í alla tíma samkvæmt skóladagatali. Nemandi skal mæta á réttum tíma í hverja kennslustund og hefja strax vinnu við verkefni.

Námsframvinda:

Næstu viku eftir hverja lotu er gefin einkunn. Allar teikningar hafa jafnt vægi. Eftir hverja lotu byrja allir nemendur á fyrsta verkefni næstu lotu. Aðeins teikningar sem skilað er innan síðasta skilatíma lotunnar eru metnar til einkunnar.

Verði nemandi uppvis að því að nýta sér vinnu annarra (t.d. með kópieringu, eftirritun) verða teikningar ógildar og nemandi hugsanlega vísað úr áfanganum.

Verkfæri:

Verkfærin sem notuð eru í tímunum eru eftirfarandi:

Hringmáti, sporbaugsmáti, sirkill, línuveiðari, gráðubogi, 2 gerðir teiknihorna, (franskar kúrfur og stafahorn ekki nauðsynleg) Auk þessara áhalda þarf einnig: 1) **Teikniborð A3**. 2) **Þrjár stærðir fallblýanta**: A) 0.3 eða 0,35 mm. B) 0,5 mm. C) 0,7 mm. Byrja skal með blý af hörkunni HB. (Kennari velur aðra gerð blýs fyrir hvern einstakan nemanda í samráði við viðkomandi nemanda ef þarf) 3) **Strokleður**. 4) **Pensill**, breidd u.þ.b. 1 cm. 5) **Reglustika bein**, lengd u.þ.b. 25 cm.

Kennari getur vísað nemanda úr tíma sé nemandinn ekki með tiltæk verkfæri meðferðis.

Kennarar áskila sér rétt til að gera breytingar á kennsluefni og áætlun ef að aðstæður gefa tilefni til.

Dagsetning: 17.08.2021

Undirritun kennara

Undirritun kennara

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

